

Tandur hf.
6206952119
Hesthálsi 12
Reykjavík 110
Ísland

30. apríl 2026
UOS-4093

Málslok

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf, dags. 23. febrúar 2026, þar sem stofnunin stöðvaði markaðssetningu vörunnar Joðdýfa Star tímabundið í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Tandur hf. tilkynnti sama dag í tölvupósti til Umhverfis- og orkustofnunar að varan hefði ekki verið í sölu síðan í október 2025 og staðfesti með skjáskoti af birgðabókhaldi sínu að ekkert væri eftir af vörunni á lager fyrirtækisins. Tandur hf. upplýsti stofnunina einnig um að þau fjögur fyrirtæki sem hefðu keypt vöruna til endursölu hefðu verið upplýst um málið og þeim gert að endursenda eintök vörunnar sem kynnu að vera í sölu.

Umhverfis- og orkustofnun hafði samband við fyrirtækin fjögur, sem staðfestu öll að Tandur hf. hefði gert þeim viðvart um afturköllun vörunnar. Þau staðfestu jafnframt að varan væri ekki í sölu og engin eintök eftir á vörulager.

Í ljósi framangreinds er tímabundin stöðvun á markaðssetningu vörunnar Joðdýfa Star ekki lengur í gildi frá og með 30. apríl 2026. Málinu telst lokið.

Umhverfis- og orkustofnun tekur fram að varan Joðdýfa Star þarf að hafa markaðsleyfi á grundvelli reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur til að heimilt verði að bjóða hana fram á markaði hér á landi.

Gjald fyrir vinnu stofnunarinnar við eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða að upphæð 163.968 kr. verður innheimt samkvæmt 22. gr., sbr. 1. gr., gjaldskrár Umhverfis- og orkustofnunar nr. 1033/2025.

Bréf þetta verður birt á vefsetri Umhverfis- og orkustofnunar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til stofnunarinnar með rökstuðningi fyrir 7. maí 2026.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir

Þorgrímur Kári Snævarr

Sviðsstjóri

lögfræðingur